

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag lóðanna Miðtún 2 og 2a á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 11. október 2006 tillögu að deiliskipulagi lóðanna Miðtún 2 og 2a á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:500 þann 9. júní 2006 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 17. júlí til og með 14. ágúst 2006 með athugasemdafresti til og með 28. ágúst 2006.

Uppdráttur og greinargerð vegna tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 9. nóvember 2006.

Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar.